

Svar við fyrirspurn frá sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs

Reykjavík 21. nóvember 2017

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs, 28. ágúst 2017, var lögð fram fyrirspurn af hálfu fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem er orðrétt svohljóðandi:

„Í ljósi þess að rakaskemmdir og mygla í byggingum Reykjavíkurborgar eru nú að koma fram í tugum og jafnvel í hundruðartali með þeim alvarlegu aukaverkunum að margt fólk sem að starfar í þeim húsnæðum veikist vegna nálægðar við myglu. Er óskað eftir því að sviðsstjóri Menningar og ferðamálaráðs geri lista í samráði við sína forstöðumenn sem stýra og hýsa starfssemi Menningar og ferðamálaráðs hvar sé grunur og eða/staðfest að um rakaskemmdir og myglu sé að ræða og hvar ekki. Einnig er óskað eftir upplýsingum hvort á einhverjum af þessum starfsstöðvum starfsfólk sé búið að vera að kljást við veikindi þar sem grunur leikur um að valdurinn sé nálægð við myglu. Þessi fyrirspurn á því við allar stofnanir Menningar og ferðamálaráðs s.s. Borgarbókasafn Reykjavíkur og starfsstöðvar þess, Listasafn Reykjavíkur og starfsstöðvar þess, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergi og Borgarsögusafn Reykjavíkur.“

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) fer með rekstur og viðhald fasteigna borgarinnar. Því lá beinast við að áframsenda fyrirspurnina til þeirrar skrifstofu. Skriflegt svar barst frá SEA, 9. nóvember 2017, og er það svohljóðandi:

„Ekki er til yfirlit yfir fjölda tilvika um myglu í húsnæði borgarinnar. Þau tilfelli eru þó ekki mörg enda forgangsatriði að stöðva alla leka og rakamyndun í byggingum borgarinnar þar sem slíkt getur leitt af sér myglumyndun. Það er vandasamt verk að greina myglu í húsnæði og eingöngu á færi sérfræðinga. Veikindi á vinnustað geta verið af misjöfnum toga og alls óvíst að um sé að ræða ofnæmi vegna myglu finnist hún á annað borð í húsnæði vinnustaðar. Leiki grunur á slíkum vandamálum eru sérfræðingar strax kallaðir til og úrbætur skipulagðar út frá niðurstöðum og þörfum.“

Undirrituð og forstöðumenn stofnana sviðsins vinna náið saman og ef upp kemur leki í húsnæði er því vísað til SEA eða þeirra sem bera ábyrgð á viðhaldi og lagfæringum. Eins og fram kemur í fyrrgreindu svari SEA er áhersla lögð á að bregðast skjótt við. Á nokkrum stöðum hefur orðið vart við leka í gegnum tíðina, svo sem í húsnæði Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu og í húsnæði Borgarbókasafnsins í Árbæ, Spönginni og í Grófinni. Unnið hefur verið að úrbótum, meðal annars með því að þétta glugga og hurðarop. Þá hefur lekið í húsnæði Sjóminjasafnsins og unnið hefur verið að úrbótum á Sólheimasafni til að stöðva leka. Viðgerðum á Sólheimasafni er almennt haldið í lágmarki þar til ákvörðun um framtíð hússins liggur fyrir. Starfshópur um framtíðarskipan þjónustu vegna menningarmála í tengslum við þéttingu byggðar í Vogabyggð og Elliðavogi, er að meta framtíð Sólheimasafnsins og jafnvel mögulegan flutning þess, en hópurinn var skipaður með erindisbréfi borgarstjóra 6. október 2016. Vonir standa til að niðurstöður liggi fyrir innan tíðar.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um myglu á starfsstöðvum né heldur að starfsmenn eigi við veikindi að stríða sem rekja megi til myglu í húsnæði vinnustaðar, en komi slíkt hins vegar á daginn verður að sjálfsögðu brugðist við, með viðeigandi hætti.

Virðingarfyllst,
Arna Schram
Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs